



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



Ábm.: Guðmundur Ingi Jónsson, aðstoðarskólastjóri

2. tbl. 20. árg., júní 2005

Frá skólastjóra

Á næstunni

- 6. júní — Skólaslit og afhending einkunna í 2. – 9. bekk.
- 8. júní — Útskrift 10. bekkinga kl. 17.00 í Hásólum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Við vonumst til að sem flestir foreldrar sjái sér fært að koma með börnum sínum.
- 14. júní — Umsóknarfrestur í framhaldsskóla rennur út.

Skólaslit 6. júní

- 2. og 3. bekkur kl. 9.00
- 4. og 5. bekkur kl. 10.00
- 6. og 7. bekkur kl. 11.00
- 8. og 9. bekkur kl. 12.00

Rafræn innritun í framhaldsskóla

Innritun 10. bekkinga í framhaldsskóla fer fram á netinu. Nemendur fengu kynningarblað og lykilorð fyrir skömmu síðan. Upplýsingar eru á slóð [Menntagattar\(menntagatt.is\)](http://Menntagattar(menntagatt.is)) og góð leiðsögn. Einungis er mögulegt að sækja um á netinu og verður Guðrún Helga Kristjánsdóttir, námsráðgjafi skólans til viðtals og aðstoðar á skrifstofu sinni í skólunum vegna innritunarinnar dagana 9. og 10. júní næstkomandi. Umsóknarfrestur er til 14. júní.

Góð samskipti og virðing fyrir samferðafólki eru mér ákaflega mikilvægir þættir í skólastarfinu. Alla framkomu, sem ekki hefur þessi leiðarljós, þurfum við að standa saman um að laga. Góð líðan nemenda í skólanum er forgangsverkefni.

Við höfum unnið eftir ákveðinni stefnu og áætlun í vetur sem hefur það markmið að uppræta áreitni, andfélagslega hegðun og einelti. Áætlunin byggir á íhlutun okkar, hinna fullorðnu, góðu upplýsingastreymi, aukinni samvinnu við foreldra og umræðum með börnunum þar sem þau eru markvisst gerð meðvituð um mynstur eineltis. Þau eru hvött til að ræða um einelti og áreitni og segja frá ef þau verða fyrir slíku. Í febrúar var gerð könnun um umfang eineltis í skólanum. Niðurstöður má sjá á vefsíðu skólans. Eitt tilvik eineltis er of mikið og betur má ef duga skal. Því miður er það svo, að það getur tekið of langan tíma að uppræta einelti, en með markvissri samvinnu okkar allra verður árangur. Við höfum lagt okkur fram um aukið samstarf við félagsmiðstöðina Ölduna og allt það góða fólk sem þar starfar. Næsta vetur verður samstarfið enn aukið þar sem við verðum m.a. í samstarfi um leiklistarhópa, tónlistarhópa og skákhópa. Við höfum fengið kennara til liðs við okkur sem eru m.a. leiklistar- og skákmenn og hlökkum til að takast á við ný verkefni.

Í haust munum við boða foreldra til stefnumótunarvinnu í samvinnu við starfsfólk skólans. Ætlunin er að móta stefnu um skólann, áherslur hans og sérstöðu. Það á meðal verður lokavinnsla við mótun forvarnarstefnu okkar sem hefur verið í mótun í vetur.

Allnokkrar breytingar verða hjá okkur í starfsmannahópnum. Sumir eru að fara í námsleyfi, hætta vegna aldurs og aðrir hverfa til annarra starfa og í kennslu í öðrum skólum. Við þökkum öllu þessu góða fólk vel unnin störf. Auglýst var eftir kennurum fyrir páska og er það ánægjuefni að umsóknir hafa verið margar og úr góðum hópi að velja. Við erum þessa daga að leggja lokahönd á ráðningar fyrir næsta skólaár.

Samstarf við stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð hefur verið afar blómlegt og ómetanlegar þær fórnfúsu hendur sem lagt hafa hönd á plóginn. Við horfum bjartsýn fram á veginn, leitum saman leiða til lausna á þeim vandamálum sem upp koma og vinnum saman á uppbyggilegan hátt.

Ég óska öllu starfsfólki, nemendum og foreldrum þeirra ánægjulegs sumarleyfis og þakka samfylgdina í vetur.

Erla Guðjónsdóttir skólastjóri

Mentor.is

Öldutúnsskóli hefur undanfarin ár notað skráningar- og upplýsingakerfið Stundvísi. Kerfið hefur verið í sífellri þróun og er komið í vefumhverfi sem kallast Mentor.

Á næsta skólaári er ætlunin að efla notkun Mentors. Foreldrar fá aðgang og lykilorð að heimasvæði og geta þannig fylgst með ástundun og ýmsum upplýsingum sem tengjast námi barna þeirra. Þetta verður kynnt vel fyrir foreldrum í upphafi næsta skólaárs.

Íþróttadagur, sjá myndir á vefsíðu skólans



Umhverfissáttmáli

Í Öldutúnsskóla leitast nemendur, kennarar og starfsfólk við að:

Proska með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og umhverfi.

Fá tækifæri til að njóta útiveru og skynja náttúrufegurð.

Fara vel með alla hluti innan sem utan skólans.

Skapa gott og vistvænt vinnuumhverfi.

Minnka sorp sem fer frá skólanum með því að flokka það og endurnýta eins og mögulegt er.

Ganga vel um og halda skólalóðinni hreinni.

Eyða ekki orku að óþörfu.

Leggja rækt við umhverfismennt og fylgjast með því sem er að gerast í umhverfismálum jafnt í nær sem fjærumhverfi.

Fara reglulega út og njóta nánasta umhverfis.

Verða meðvitaðir um að umgengni hvers og eins heima skiptir máli á heimsvísu.

Hljá
umhyggja
festa

Þemaverkefni í 10. bekk

Eftir samræmdu prófin hafa nemendur í Öldutúnsskóla unnið í hópum að skemmtilegum verkefnum sem krefjast skipulags, samstarfs og sjálfstæðra vinnubragða. Þeir máttu velja um að skipuleggja brúðkaup, stofna fyrirtæki eða verslanir, skipuleggja útihátíð eða tónleika og hanna draumanámið sitt. Búin voru til líkón, kynningarefni unnið, færðar dagbækur og nákvæmar kostnaðar-áætlanir gerðar. Foreldrar og aðrir góðir gestir sóttu okkur heim þessa daga. Meðal þeirra sem komu voru bæjarstjóri, fræðslustjóri og formaður fræðsluráðs.



Útskriftarferð

Eftir að samræmdu prófunum lauk lögðu 10. bekkingar upp í ferð sem var heitið á Laugarvatn. Lagt var af stað um klukkan fjögur og var komið við á Drumboddsstöðum og farið í flúðasiglingu niður Hvítá.



Eftir flúðasiglinguna var ferðinni haldið áfram og klukkan tíu komust allir þreyttir og blautir inn í herbergin sín á heimavistinni á Laugarvatni. Um morguninn voru allir vaktir og farið í léttu morgunleikfimi til að hrista upp í mánnskapnum. Eftir það var hægt að velja um að fara í sund

eða á kajak og vakti það mikla lukku. Um kvöldið horfði fólkíð á Eurovision og hvatti Selmu til dáða. Eftir Eurovision var haldin kvöldvaka í kjallaranum þar sem sungið var og trallað fram á nótt. Morguninn eftir pökkuðu allir saman og drifu sig út í rútu. Svo var haldið heim á leið með stuttri viðkomu á Þingvöllum. Almenn ánægja var með ferðina og verður hún lengi í minnum höfð.

Við drögum Grænfánann að húni í haust

Öldutúnsskóli hefur fengið úrskurð stýrihóps á vegnum Landverndar um að fá afhentan Grænfánann til marks um gott starf á sviði umhverfismála. Stýrihópurinn kom nýlega í skólann til úttekta á starfinu.

Síðastliðin ár hefur verið unnið ötullega að því að skólinn öðlaðist þessa viðurkenningu og starfsfólk og nemendur hafa gert með sér sérstakan umhverfissáttmála til að ná þessu markmiði. Umhverfisstefna skólans á sér því langa sögu og nú er komið að þessum tímamótum og mun Grænfáninn verða dreginn að húni við upphaf næsta skólaárs. Jóna Karólína Karlsdóttir hefur verið í forystuhlutverki í mörg ár um umhverfisstefnu skólans og við skólann starfar sérstök umhverfisnefnd sem í eiga sæti starfsmenn, nemendur og foreldrar.

Leyfi til að flagga fánanum er til tveggja ára í senn og eftir það tímabil verður aftur úttekta á því hvernig til hefur tekist að viðhalda stefnunni.



Umhverfisvika

Hér í Öldutúnsskóla er komin löng hefð á umhverfisviku 8. bekkjar. Hún er haldin á vorin, vikuna eftir að prófum lýkur og allir eru þá sannarlega tilbúnir að njóta útivistar eftir langan vetur. Þessa viku er farið í gönguferðir bæði langar og stuttar innan bæjar og utan. Í gönguferð um Hraunin við Straumsvík sagði Jónatan Garðarsson, leiðsögumaðurinn okkar, frá gömlum búskaparháttum. Hann gekk líka með okkur Búrfellsgjána yfir í Kaldársel. Á þeirri göngu skoðuðum við alla hella sem á leið okkar urðu og þeir eru ekki fáir. Á Byggðasafninu fræddumst við um sögu bæjarins okkar og leituðum síðan að gulli í Hellisgerði. Við plöntuðum trjám í gróðurreit skólans við Hvaleyrvatn og einu síðdegi eyddum við í fjörunni í Hvassahrauni.

Sjómanna dagur í 4. bekk

Sjómanna dagurinn var haldinn í Öldutúnsskóla þann 25. maí, þar var borðaður harðfiskur, rækjur í skel og margt fleira.

Kristín sem kennir 4. J kenndi okkur að flaka fisk. Krakkarnir í 4. K, 4. L og 4. J komu saman og skemmtu sér þennan dag sem þau kölluðu sjómanna daginn.



Kór Öldutúnsskóla 40 ára

Kór Öldutúnsskóla var stofnaður árið 1965 og heldur því upp á 40 ára starfsafmæli sitt á þessu ári. Kórinn hefur alla tíð verið undir stjórn Egils Friðleifssonar.

Í tilefni afmælisins verða þrjár stórviðburðir í starfsemi kórsins á árinu.

Þann 11. júní næstkomandi verða afmælistónleikar í Víðistaðakirkju klukkan 17.00. Auk Kórs Öldutúnsskóla syngja „Litli kór“, „Mömmukórinn“ og „Frænkukórinn.“ Á annað hundrað söngvara koma fram. Stjórnendur verða Egill Friðleifsson og Brynhildur Auðbjargardóttir. Píanóleikari verður Antonia Hevesi og einsöngvarar þær Drífa Andrésdóttir, Guðrún Árný Karlsdóttir, Margrét Eir Bjarnadóttir og Hanna Björk Guðjónsdóttir. Flutt verður kórtónlist úr ýmsum áttum, m.a. frumflutt lag eftir Jón Ásgeirsson við frumort ljóð Sigríðar Þorgeirsdóttur sem samdi það sérstaklega af þessu tilefni.

Kórinn mun einnig taka þátt í alþjóðlegu barnakóramóti í Havana á Kúbu sem verður dagana 18. til 22. júlí næstkomandi. Kóramótið er á vegum The International Society for Childrens Choral and Performing Arts. Það er heiður að geta tekið þátt í mótinu og verðugt verkefni að takast á við á 40 ára afmæli kórsins.

Þann 19. nóvember verður síðan kór hátíð í skólanum okkar þar sem saman koma núverandi og fyrrverandi kórfélagar. Þennan dag verður vegleg dagskrá í tónum, máli og myndum úr viðburðarríki sögu kórsins.

Munið vefsíðu skólans: www.öldutunsskoli.is